

Mýflugan

Lag og texti:

Veiddi ég flugu var það mý
Vænni en klár í haga.
Feiti hlaut ég henni í
Heila tunnu úr maga.
Hver sem trúir kjáni telst.
Kynleg er mín saga.
Hver sem trúir kjáni telst.
Kynleg er mín saga.

Kónguló

Lag og texti: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Uppi á loftri úti í horni
Ein á bak við gamlan skó.
Liggur bústin lipurtáta.
Lítil anga kónguló.

Hún á nú að háttu og sofna.
Hún á að vera þæg og góð
Svo á morgun mamma geti
með henni fetað nýja slóð.

Kónguló með átta fætur

Lag og texti:

Það var eitt sinn kónguló sem hafði átta fætur
því þurfti hún að fara snemma á átta fætur
og fara í skóna og reima skóna á átta fætur.
1 2 3 4 5 6 7 8
Tralla lala, mmmm, tralla la la, mmmm!

Ánamaðkurinn

Lag og texti: Margrét Ólafsdóttir

Jajaja biri,jajaja biri..

Allan daginn ég vinn og vinn
Því ég þarf að losa um jarðveginn.
Svo að komist sólin inn,
Kátur sagði ánamaðkurinn.

Bráðum fara blóm á stjá
Því að blessað vorið flýgur hjá.
Þegar vikur veturinn
Stöðugt vinnur ánamaðkurinn.

Olli ormur

Lag og texti:

Olli ormur fór á kreik
upp úr moldu kíkti.
Æstur var í einhvern leik
af ánægku hann skríkti.

Þúsundfætlan

Lag og texti:

Þaþúba – þúba þúsundfætla
þrammar áfram, oftast ein.
Í hverju skrefi skripla þúsund bein.
Mikið skelfing er hún þúsundfætla sein.
Tiggiddi-taggi-taggi-taggi-dúm-dúm-dúm,
Tiggiddi-taggi-taggi-taggi-dúm-dúm-dúm,
Tiggiddi-taggi-taggi-taggi-dúm-dúm-dúm,
svo dettur hún, búm-búm.
Fæturnir þúsund þurfa' að trimma,
þjálfar stöðugt ennþá meir,
finnst þó mjög erfitt að fóta sig í leir
enda fætur hennar ekki bara tveir.

September

Lag: Póvlf Kjöllur
Texti:

Kóngulóarvef
augum litið hef.
Börn í berjamó
tína í friði og ró.
September, september, september.

Skólabjallan skær
klingir silfurtær.
Börnin streyma inn
með tösku í skólann sinn.
September, september, september

Kónguló

Lag:
Texti: Björn Franzson

∴: Kónguló, kónguló bentu mér á berjamó ∴:
Fyrir bláa berjabúfu
skal ég gefa þér gull í skó,
Húfu græna, skarlatskikkju,
skúf úr silki og
Dillidó

Út um mó

Lag:
Texti:

Út um mó, inni í skóg.
Uppi í hlíð í grænni tó
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á
Tína, tína, tína má.

Tína þá, berjablá
börn í lautu til og frá.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á
Tína, tína, tína má.

Kalli kálormur

Lag:

Texti: Herdís Egilsdóttir

Ég er Kalli kálormur,
Í kál og rófur gráðugur.
Naga, naga alla daga
Namm, namm, namm.

En Gulli sá sem garðinn á,
gremjulegur kemur þá.
Ormur, ormur eins og gormur
burt , burt, burt.

Súr ber og sæt

Lag: Ingrid Oberborbeck

Texti: Ólöf María Ingólfssdóttir

Súr ber og sæt ber.
Stór ber og lítil ber.
Öll eru girnileg.
Mér finnst langbest bláber.

Allir hafa eitthvað til að ganga á

Lag og texti: Ólafur Haukur Símonarson

.,:Allir hafa eitthvað til að ganga á
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá.,:

Fíllinn hefur feitar tær,
ljónið hefur loppur tvær.
Músin hefur margar smáar
en ormurinn hefur ansi fáar.
Allir hafa...

Fiskurinn hefur fína ugga,
flóðhesturinn engan skugga.
Krókódíllinn kjaftinn ljóta,
sá er klár að láta sig fljóta
Allir hafa...

Á vængjunum fljúga fuglarnir,
á fótunum ganga trúðarnir.
Á hnúunum hendast aparnir,
á rassinum leppalúðarnir
Allir hafa...

Dordingull

Lag: Magnús Þór Sigmundsson

Texti: Kristján frá Djúpalæk

Upphafleg vísa er á þessa leið:

Dordingull, dordingull,
drjúg er þín leið.
Sjá hana Möttu
með súpu og skeið.
Hún sér þig og hræðist
þá hvimleiðu sjón.
Flýttu þér niður
og fáðu þér spón.

Til að bæta hlut kóngulóa í okkar veröld hefur vísan breyst örlítið í línu sex:

Dordingull, dordingull,
drjúg er þín leið
Sjá hana Möttu
með súpu og skeið.
Hún sér þig og gleðst yfir
hressandi sjón,
Flýttu þér niður
og fáðu þér spón.